

30. desember 2010

Stjórnvaldssekt vegna brota á 1. og 3. mgr. 122. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Þann 20. desember 2010 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Exista hf. vegna brota á 1. og 3. mgr. 122. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.).

1. mgr. 122. gr. vvl. kveður á um að útgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, beri að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli.

3. mgr. 122. gr. vvl. kveður á um að útgefanda fjármálagerninga er á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu upplýsinga skv. 1. mgr. til að vernda lögmæta hagsmuni útgefandans, svo framarlega sem frestunin sé ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og útgefandi getur tryggt trúnað um upplýsingarnar.

Fjármálaeftirlitið var með til athugunar upplýsingaskyldu Exista hf., á tímabilinu október 2008 til október 2009, m.a. eftir ábendingu frá Nasdaq OMX kauphöllinni á Íslandi. Málið varðaði annars vegar hvort tiltekna upplýsingar, m.a. um seljendalán, gjaldfellingar lána og stefnur á hendur félaginu teldust til innherjaupplýsinga sem félaginu hafi borið að birta opinberlega í samræmi við lög og reglur. Hins vegar varðaði málið hvort félagið hafi staðið rétt að frestun á birtingu innherjaupplýsinga, hvort gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana vegna frestunar á birtingu þeirra og hvort öðrum skilyrðum laga og reglna um frestun á birtingu innherjaupplýsinga hafi verið fullnægt. Að auki kom regluvarsla félagsins til skoðunar.

Fjármálaeftirlitið telur að upplýsingar um seljendalán að fjárhæð 8,4 milljarðar kr. sem Exista hf. veitti til ELL 182 ehf. í tengslum við sölu Exista hf. á 39,629% hlut sínum í Bakkavör Group hf. teljist til innherjaupplýsinga í skilningi 120 gr. vvl. sem félaginu hafi borið að birta í samræmi við 122. gr. vvl. Um var að ræða verulega fjármuni sem lánaðir höfðu verið gegn veði í hinum seldu hlutabréfum, í stað þess að vera greiddir inn í félagið við söluna. Í ljósi þess að félagið var í greiðsluvandræðum á þessu tímabili telur Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar vera þess eðlis að þær varði greiðsluhæfi og fjárhag félagsins og séu þar með líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga félagsins.

Í svörum Exista hf. til Fjármálaeftirlitsins benti félagið m.a. á að almennt hafi slíkar upplýsingar um seljendalán ekki verið birtar í Kauphöll og að félagið hafi ekki gert sér grein fyrir nauðsyn þess að birta upplýsingarnar opinberlega. Þá vísaði félagið til þess að sala hlutafjárins var háð samþykki lánveitanda félagsins sem almennt mætti telja tryggingu fyrir eigendur skuldabréfa um að hagsmunir þeirra yrðu hafðir að leiðarljósi við sölu. Að öðru leyti mótmælti félagið ekki fullyrðingu Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið telur að gjaldfellingar og stefna á hendur félaginu er vörðuðu verulegar fjárhæðir og höfðu ekki verið birtar opinberlega hafi verið innherjaupplýsingar er félaginu bar að birta í

samræmi við 1. mgr. 122. gr. vvl. Að mati Fjármálaeftirlitsins höfðu tilkynningar af hálfu Exista um yfirvofandi vanefndir að geyma ófullnægjandi upplýsingar fyrir fjárfesta og ekki hafi verið tilkynnt um framhald mála vegna þessara vanefnda, þ.e. gjaldfellingar og málshöfðun á hendur félaginu.

Exista hf. hafnaði því að umræddar gjaldfellingar og stefna teldust innherjaupplýsingar. Vísaði félagið m.a. því til stuðnings til þess að birtar hefðu verið tilkynningar af hálfu þess um að það hefði vilja til að reyna að ná samkomulagi við íslenska banka um heildaruppgjör og ef kröfur Exista hf. gagnvart íslenskum bönkum fengjust ekki greiddar væri ekki hægt að útiloka að lán félagsins yrðu gjaldfelld í heild eða að hluta. Einnig að félagið hafi sent frá sér tilkynningar um að félagið væri í fjárhagslegri endurskipulagningu og myndi hætta að efna skuldbindingar sínar. Lagði félagið áherslu á að upplýstum fjárfesti mætti vera það ljóst að kröfuhafar myndu ekki una sáttir við að fá ekki greitt í samræmi við samninga eða viðskiptabréf.

Þá taldi Exista hf. sig hafa frestað birtingu ákveðinna innherjaupplýsinga á mismunandi tímabilum á grundvelli 3. mgr. 122. gr. vvl. Í svörum félagsins kom m.a. fram að ákvörðun um að fresta birtingu ákveðinna innherjaupplýsinga hafi ekki verið skráð í samskiptaskrá regluvarðar félagsins líkt og kveðið er á um að gera skuli í 4. mgr. 30. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 987/2006. Félagið tilgreindi að stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hefðu tekið þá ákvörðun og fylgt henni eftir en félagið taldi ekki leika vafa á um að ákvörðun um frestun birtingar innherjaupplýsinga hafi verið tekin af þar til bærum aðilum innan félagsins.

Fjármálaeftirlitið telur að ekki liggi fyrir að félagið hafi í raun tekið ákvörðun um að fresta birtingu innherjaupplýsinganna sem um ræðir í máli þessu í samræmi við lög og reglur um verðbréfavíðskipti. Útgefandi frestar birtingu innherjaupplýsinga á eigin ábyrgð og það er hans að sanna hvenær slík ákvörðun hafi verið tekin og með hvaða hætti. Fjármálaeftirlitið yfirfór m.a. fundargerðir stjórnar félagsins og verður ekki séð að ákvörðun þess efnis hafi verið tekin á þeim vettvangi. Þá telur Fjármálaeftirlitið að jafnvel þótt félagið hefði tekið formlegar ákvarðanir um frestun á birtingu upplýsinga að tímabil frestunarinnar hafi verið of langt. Að auki telur Fjármálaeftirlitið að félagið hafi ekki brugðist við í samræmi við lög og reglur þegar í ljós kom að það gat ekki tryggt trúnað um innherjaupplýsingar sem það taldi sig hafa frestað birtingu á.

Það var mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að háttsemi Exista hf. hafi farið í bága við 1. og 3. mgr. 122. gr. vvl. Brot Exista hf. fellur undir 36. tl. 1. mgr. 141. gr. vvl. og var ákveðið að ljúka málinu með stjórnvaldssekt. Við ákvörðun fjárhæðar var tekið mið af alvarleika brotsins, þar á meðal hversu margþætt það var og hve gróft brot á upplýsingaskyldu útgefanda á skipulögðum markaði var um að ræða. Með hliðsjón af framangreindu ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að gera Exista hf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 15.000.000,-.

Þess skal getið að fyrrgreind brot áttu sér stað í tíð fyrrverandi eigenda og stjórnenda Exista hf., en nýir eigendur hafa tekið yfir félagið og ný stjórn verið kjörin.